



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um meðalaldur barna við inngöngu í leikskóla í borginni**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 14. júní 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

*Óskað er upplýsinga um hver sé meðalaldur barna við inngöngu í leikskóla í borginni. Annars vegar í borgarreknum leikskólum og hins vegar í sjálfstætt starfandi leikskólum.*

#### **Svar:**

Við svör fyrirspurnarinnar eru notuð gögn yfir þau börn sem eru skráð í borgarrekna eða sjálfstætt starfandi leikskóla þann 11. október 2022.

Eftirfarandi forsendur eru að baki útreikningunum:


- Horft er til barna sem hófu vistun í ágúst eða september 2022 (innskráning).
- Aðeins er horft til barna sem voru með venjulega vistunarumsókn eða forgangsumsókn en ekki til barna þar sem óskað var eftir flutning úr öðrum leikskólum enda ekki um fyrstu leikskóladvöl þeirra barna að ræða.
- Sum börn flytja til Reykjavíkur eftir að hafa verið í leikskólum í öðrum sveitarfélögum eða utan landsteinanna. Þau börn sem sækja um leikskóla og eru til dæmis orðin 3 ára (36 mánaða) fá inngöngu í leikskóla hratt og staldra stutt við á biðlistum þar sem kennitöluröðun ræður inntöku í leikskólana. Á mynd 1 má sjá aldur barna við innskráningu/upphaf vistunar eftir eðli umsóknar í borgarrekna leikskóla. Það er hins vegar ekki hægt að nálgast áreiðanlegar upplýsingar um hvort börn hafi verið í leikskóla utan sveitarfélags eða ekki áður en þau sækja um leikskóla í Reykjavík. Til þess að hafa þessi börn ekki með í útreikningum á meðalaldri er aðeins horft til þeirra barna þar sem aldur barns við fyrstu umsókn til borgarrekinna leikskóla er undir 12 mánaða. Þar sem við búum ekki yfir samskonar upplýsingum um aldur við fyrstu umsókn hjá sjálfstætt starfandi leikskólunum er aðeins horft til þeirra barna sem hófu vistun og eru yngri en 36 mánaða þegar þau hefja vistun.

Niðurstaðan er að reykvísk börn sem hófu vistun í leikskólum í ágúst og september árið 2022 voru að meðaltali 19 mánaða við upphaf vistunar eins og sjá má í töflu 1. Börnin eru heldur yngri þegar þau hefja vistun í sjálfstætt starfandi leikskólum eða 17 mánaða enda eru nokkrir þeirra fyrst og fremst ungbarnaleikskólar en 20,1 mánaða þegar þau hófu fyrstu vistun í leikskóla í borgarreknum leikskólum.



Tegund leikskóla	Meðaltal aldurs við innskráningu	Miðgildi aldurs við innskráningu	Fjöldi barna
Borgarrekinn leikskóli	20,1	20	581
Sjálfstætt starfandi leikskóli	17,0	15	298
Saman	19	19	879

Tafla 1 – Meðalaldur barna við innskráningu í leikskóla í ágúst og september 2022.



Mynd 1 – Dreifing aldurs barna sem hófu vistun í borgarreknum leikskólum í ágúst - september 2022 eftir eðli umsóknar. Aldur miðast við aldur við innskráningu. Tekið út 4. okt.